

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 9. maí 2025
202504-0090/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Stækkun efnistökusvæða innan deiliskipulags Hvammsvirkjunar Skipulagsstofnunar.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að þær efnistökuheimildir sem eru í gildandi deiliskipulagi byggja á umhverfismati frá 2003 og uppfærðu umhverfismati frá 2017, og hafa ýmsar hönnunarforsendur breyst síðan þá og við endanlega verkhönnun hefur komið í ljós að efnispörf er nokkuð meiri en reiknað var með í upphafi og því hyggjast Landsvirkjun og Vegagerðin stækka efnistökusvæði E26 til að mæta þessari viðbótarefnispörf. Er það einkum nýr Þjórsárdalsvegur og miklar fyllingar honum tengdum sem kalla á þessa auknu efnispörf. Í heild verður viðbótarefnismagn 390.000 m³.

Viðbætur umfram það sem fjallað var um í umhverfismati eru því eftirfarandi: - 390.000 m³ ný efnistaka á 24,9 ha svæði - 60.000 m³ af nýju efni sem þarf að haugsetja - 400 m langur nýr vinnuslóði að einu nýju efnistökusvæðanna.

Umfang

Náttúruverndarstofnun bendir á að rask svæðis nemur 24,9 ha og efnismagn 390.000 m³ og er þetta magn veruleg viðbót við áður heimilaða framkvæmd og fer vel yfir tilkynningarmörk skv. 2.02 og 13.02 í viðauka laga nr. 111/2021. Náttúruverndarstofnun bendir á að þó svæðið fari síðar undir lón, veldur framkvæmdin tímabundinni röskun á vistkerfum, gróðri, jarðmyndunum og landslagi.

Samlegðaráhrif

Náttúruverndarstofnun bendir á að þessi framkvæmd bætist við fyrri umfangsmiklar framkvæmdir Hvammsvirkjunar og Þjórsárdalsvegar. Það þarf að skoða samlegðaráhrif framkvæmdarinnar á búsvæði fugla, jarðmyndanir og vatnalíf í heild, en ekki eingöngu sem afmarkaða verkefni sem viðbót.

Vistgerðir

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Í greinargerð kemur fram að hluti svæðisins séu óvirkar áraurar og lúpínubreiður, en einnig segir að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan

framkvæmdasvæðisins vistgerðin língresis- og vingulsvist. Náttúruverndarstofnun bendir á að vistgerðin er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í greinargerð er vísað í Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar, en mikilvægt er að hafa í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkotlagningar er 1:25.000 og er því nákvæmni kortlagningarinnar eftir því. Þau gögn sem stuðst er við byggja á eldri rannsóknum (2001–2002 og 2017). Að mati Náttúruverndarstofnunar er þörf á uppfærðum gögnum til að leggja mat á raunveruleg áhrif.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun tekur undir að fuglalíf getur verið fábreytt á efnistökusvæðunum flestum. Í língresis – og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar² og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá árinu 2012 er nefnist „Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristín Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að ef um 20% af Evrópastofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum þá kallist hún ábyrgðartegund.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

Mikilvægt er að áður er framkvæmdir hefjast að búsvæði viðvera votlendisfugla séu kortlögð og vöktuð. Auk þess sem mótvægisáðgerð er mikilvægt að framkvæmdir séu fyrir utan varptíma.

Friðaðar plöntur

Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/2021³ um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjalla um það í greinargerð hvort friðaðar tegundir séu að finna innan framkvæmdarsvæðisins og lögð fram greining á mögulegum flutningi tegunda (t.d. mosa eða plantna) yfir á önnur svæði sem mótvægisáðgerð.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að Þjórsárhraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og getur efnistaka og vegagerð haft áhrif á það.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að framkvæmdasvæðið sé aðeins brot af heildarstærð hraunsins og þó að nærliggjandi svæðum hafi verið raskað þá réttlætir það ekki frekara rask.

Auk þess bendir stofnunin á að verndargildi Þjórsárhrauns er mismunandi eftir svæðum.

Það hraun sem er á framkvæmdarsvæðinu er að mestu hulið gróðri og sandorpið. Því er mikilvægt að kortleggja, vernda og halda eftir sýnilegu yfirborði hrauns og kortleggja og halda skráningu á sérstökum hraunmyndum fyrir og eftir framkvæmdir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr.

³ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Landslag og ásýnd

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að jaðrar námusvæða séu mótaðir þannig að þeir falli að landslagi. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að allar námur falli vel að umhverfinu eins og kostur er, hugað sé að ásýnd námusvæðanna og fjallað sé um frágang þeirra. Þessu tengt bendir Náttúruverndarstofnun á vefsíðuna www.namur.is þar sem finna má upplýsingar um frágang efnistökusvæða. Auk þess bendir stofnunin að tímabundnir vegslóðar og vinnusvæði verði fjarlægð og mótuð að landslagi.

Umhverfispættir – aðrir

Náttúruverndarstofnun bendir á að lítið sem ekkert er fjallað um kolefnisfótspor verkefnisins og áhrif á loftgæði.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun fyrirhuguð framkvæmd ekki koma til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum skv. viðmiðum sem gefin eru upp í II viðauka laga nr. 111/2021 og sé því ekki matsskyld.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri